

Úrskurðarnefnd bílgreina

Úrskurður kveðinn upp 29. apríl 2021 í máli nr. 5/2021.

Úrskurðarnefndina í málinu skipa Hulda Árnadóttir, Skúli K. Skúlason og Jóhann Fannar Guðjónsson.

I.

Aðild og kröfugerð

Þann 5. Nóvember 2021 barst Úrskurðarnefnd bílgreina beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, [REDACTED] hér eftir nefnd sóknaraðilar, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið [REDACTED], hér eftir nefnt varnaraðili.

Sóknaraðilar krefjast þess að varnaraðila verði gert að bæta úr gallan, sem felst í því að gera við gat á yfirbyggingu bifreiðarinnar Ford Galaxy, fnr. [REDACTED], með varanlegum hætti og láti einnig gera við tölvubúnað eða skipta honum út eftir atvikum. Einnig verði honum gert að gera við annað sem kann að hafa skemmst vegna lekans frá gatinu og ganga frá þessu öllu með forsvaranlegum hætti. Sérstaklega verði hugað að því hvort hætta er á ryðmyndun vegna lekans og ef svo er þá verði varnaraðila gert að gera nauðsynlegar fyrirbyggjandi viðgerðir og/eða ráðstafanir.

Þess er krafist að úrbæturnar verði á kostnað varnaraðila.

Sóknaraðilar krefjast þess enn fremur að varnaraðili greiði sóknaraðilum skaðabætur að fjárhæð 96.509 krónur vegna útlagðs kostnaðar vegna leitar og bráðabirgðaviðgerðar á umræddu gati með vísan til 33. gr., sbr. c-lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

II.

Málsmeðferð Úrskurðarnefndar bílgreina

Kvörtun sóknaraðila barst nefndinni 5. nóvember 2021. Kvörtunin ásamt öðrum gögnum sóknaraðila var send varnaraðila 8. nóvember 2021 og kostur veittur á andsvörum. Varnaraðili sótti um frest til skila andsvara þann 19. nóvember 2021 sökum þess að lögmaður félagsins var staddur erlendis og var frestur veittur til og með 26. nóvember 2021.

Andsvör varnaraðila bárust nefndinni 25. nóvember 2021. Andvörin voru send sóknaraðilum og veittur kostur á að koma frekari athugasemdum á framfæri. Athugasemdir sóknaraðila bárust nefndinni 28. desember 2021 og voru þær sendar varnaraðila. Engar frekari athugasemdir eða gögn bárust nefndinni.



Auk fyrirbyggjandi kvörtunar sóknaraðila, andsvara varnaraðila og athugasemda aðila, eru gögn málsins tölvupóstsamskipti milli sóknaraðila og varnaraðila, reikningar fyrir þjónustum bæði frá varnaraðila og öðrum þjónustuaðilum sem og umboðsaðila Ford á Íslandi.

Með tölvupósti hinn 30. janúar 2022 voru málsaðilar upplýstir um að gagnaöflun væri lokið og að nefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III.

Helstu málavextir og sjónarmið málsaðila

Sóknaraðilar keyptu bifreiðina [REDACTED] Ford Galaxy þann 6. febrúar 2020 af varnaraðila. Bifreiðin var þá ekin 75.382 km og var tæplega fjögurra ára gömul, en fyrsti skráningardagur samkvæmt ökutækjaskrá er 25. maí 2016.

Haustið 2020 varð vart við leka með framrúðu bifreiðarinnar og var bifreiðin af þeim sökum færð til skoðunar á verkstæði Bílageirans ehf. í Keflavík þann 24. ágúst 2020. Starfsmaður bílaverkstæðisins taldi að fyrri framrúðuskipti hefðu ekki verið gerð með fullnægjandi hætti. Fyrst var reynt að þétta rúðuna með bílkíttri án árangurs. Á endanum var skipt um framrúðuna í bílnum. Sóknaraðilar ætluðu að taka það tjón á sig og voru ánægð með að lekinn hefði verið stöðvaður. Síðar kom þó á daginn að svo var ekki.

Í maí 2021 fóru svo að kvikna aðvörunarljós í mælaborði bifreiðarinnar og viðvörunarhljóðmerki (píp) tók að gjalla í tíma og ótíma og mun það ástand enn viðvarandi. Sóknaraðilar færðu bifreiðina þá aftur á verkstæði Bílageirans þann 17. maí 2021 og var þá tjáð að vatn hafi náð að leka inn í spegil bílstjóræmin og hafi vatnið skemmt tölvubúnað þar. Bilanir sem um ræðir leiða m.a. til þess að bakkskynjarar á bifreiðinni verða óvirkir.

Eftir umfangsmikla og tímafreka leit á verkstæðinu fannst upprunastaður lekans eftir að innrétting í toppi bílsins var rifin niður. Lítið gat fannst vinstra megin að framan á toppi bifreiðarinnar. Sóknaraðilar hafa lagt fram ljósmyndir sem teknar voru á verkstæði Bílageirans þessu til stuðnings, en þær sýna gatið og niðurrif innréttingar.

Gert var við gatið til bráðabirgða með því að setja kíttsdropa í gatið til að stöðva lekann. Sóknaraðilar kveða fullnaðarviðgerð felast í því að sjóða í gatið og mála topp bifreiðarinnar. Sóknaraðilar eru í óvissu um það hvort þessi leki hefur valdið meiri skemmdum en á speglinum og tölvubúnaði þar, t.d. á innréttingu bifreiðarinnar eða öðru með hættu á ryðskemmdum.

Sóknaraðilum hefur verið tjáð af Bílageiranum að viðgerð/lagfæring gæti verið mjög kostnaðarsöm, þ.e. fullnaðarviðgerð á gatinu og tölvubúnaði í spegli og eftir atvikum öðrum skemmdum sem rekja má til vatnslekans.

Sóknaraðilar greiddu 40.825 kr. vegna sjálfhábyrgðar þeirra vegna framrúðuskipta og 96.509 kr fyrir leitina að gatinu og bráðabirgðaviðgerð.

Með bréfi dagsettu 31. ágúst 2021 var farið fram á að varnaraðili léti gera við gatið á bifreiðinni með varanlegum hætti og léti einnig gera við eða skipta út tölvubúnaði og öðru sem kynni að hafa skemmt vegna lekans, auk þess að greiða sóknaraðila 96.509 kr. vegna bilanaleitar og bráðabirgðaviðgerðar á umræddu gati.

Í bréfi lögmanns varnaraðila er kröfu sóknaraðila hafnað. Bifreiðin væri utan sex mánaða ábyrgðar og engum vanefndum varnaraðila væri til að dreifa.

Sóknaraðilar höfðu samband við Brimborg ehf., umboðsaðila Ford á Íslandi, þann 16. júlí 2021 og könnuðu grundvöll fyrir þátttöku framleiðanda vegna kostnaðar af biluninni, þrátt fyrir að ábyrgðartími væri liðinn. Þar fengust þau svör að þar sem ábyrgðartími væri liðinn væri ekki um ábyrgðarviðgerð að ræða.

Sóknaraðilar byggja á því að gatið í toppi bifreiðarinnar hafi verið fyrir hendi við kaup bifreiðarinnar og í því felist galli á bifreiðinni sem varnaraðili beri ábyrgð á, enda þótt leki hafi e.t.v. raungerst síðar. Ljóst sé að gallinn hafi verið fyrir hendi frá því bifreiðin var framleidd, enda ekkert fyrirbyggjandi um viðgerð á toppnum eða tjón á bifreiðinni.

Í andsvörum varnaraðila kemur fram að öllum kröfum sóknaraðila sé hafnað. Bifreiðin hafi verið tæplega fjögurra ára við kaup sóknaraðila og að mati varnaraðila sé ekkert sem bendir til né hafi verið sannað að gat á toppi bifreiðar hafi verið til staðar við sölu og orsakað leka. Mat varnaraðila sé að áhrif leka séu fljót að koma fram og allt bendi til þess að gatið hafi komið til eftir sölu þannig að ábyrgð verði ekki á félagið felld. Þá byggir varnaraðili á því að ef bifreiðin hafi verið haldin framleiðslugalla við kaupin beri félagið ekki ábyrgð á honum.

IV.

Niðurstaða

Úrskurðarnefnd bílgreina starfar á grundvelli samkomulags milli Bílgreinasambandsins og Félags íslenskra bifreiðaeigenda og hefur nefndin hlotið viðurkenningu ráðherra samkvæmt 8. gr. laga um úrskurðaraðila á sviði neytendamála, nr. 81/2019.

Um réttarsamband aðila fer eftir lögum nr. 48/2003 um neytendakaup. Ágreiningur aðila lýtur einkum að því hvort gat í toppi bifreiðarinnar feli í sér galla í skilningi 15. og 16. gr. laganna sem varnaraðila beri að standa straum af viðgerð á og bæta tjón sem hlotist hefur af leka inn í bifreiðina af þessum sökum.

Ákvæði 15. og 16. gr. eru svohljóðandi:

15. gr. Eiginleikar söluhlutar.

- Söluhlutur skal, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi.
- Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:
 - a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;
 - b. hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað;
 - c. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megir af atvikum að neytandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;
 - d. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan;
 - e. vera í venjulegum eða öðrum forsvaranlegum umbúðum sem nauðsynlegar eru til að

varðveita og vernda hann;

f. vera í samræmi við þær kröfur opinbers réttar sem gerðar eru í lögum eða opinberum ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli laga á þeim tíma sem kaup eru gerð, ef neytandinn ætlar ekki að nota hlutinn á þann hátt að kröfurnar séu þýðingarlausar;

g. vera laus við réttindi þriðja manns, t.d. eignarrétt eða veðrétt. Söluhluturinn skal einnig vera laus við kröfur þriðja manns um réttindi í hlutnum, enda þótt þeim sé mótmælt, nema kröfurnar séu augljóslega órökstuddar.

16. gr. Gallar.

Söluhlutur telst vera gallaður ef:

a. hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.;

b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;

c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;

d. nauðsynlegar upplýsingar um uppsetningu, samsetningu, notkun, umönnun og geymslu fylgja ekki söluhlut.

Regla c-liðar 1. mgr. gildir með sama hætti þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem annar en seljandi hefur gefið á umbúðum hlutarins, í auglýsingum eða við aðra markaðssetningu á vegum seljanda eða fyrri söluaðila.

Neytandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Neytandi getur ekki borið fyrir sig galla ef orsök gallans má rekja til efniviðar sem neytandinn hefur sjálfur lagt til. Þetta gildir þó ekki ef seljandinn hefði átt að ráða neytanda frá notkun efnisins vegna óhentugra eiginleika þess.

Þá hljóðar ákvæði 2. mgr. 27. gr. svo:

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.

Úrskurðarnefndin telur að gat í yfirbyggingu bifreiðar, sem til staðar er við kaup, geti falið í sér galla í skilningi neytendakaupalaga, nr. 48/2003. Sóknaraðilar keyptu bifreiðina 6. febrúar 2020. Samkvæmt gögnum málsins kom bilun fram 24. ágúst 2020, en þá voru liðnir ríflega sex mánuðir frá kaupum. Af þessum sökum bera sóknaraðilar sönnunarbyrði fyrir því að það gat sem um ræðir hafi verið fyrir hendi við kaupin, sbr. 2. mgr. 18. gr. neytendakaupalaga, nr. 48/2003.

Gegn mótmælum varnaraðila telur Úrskurðarnefnd ekki nægjanlega sannað að umþrætt gat hafi verið til staðar við kaup bifreiðarinnar. Í því sambandi lítur nefndin til þess að þegar galli kom upp var



bifreiðin ríflega fjögurra ára gömul. Verður því að telja líklegt að ef gatið hefur verið til staðar allt frá framleiðslu hefði leki komið að bifreiðinni snemma á líftíma bifreiðarinnar og áhrifa þess að líkindum gætt í viðkvæmum rafmagnsbúnaði á fyrri stigum. Í málinu liggur á hinn bóginn ekkert fyrir um að sú hafi verið raunin. Enn fremur virðist óumdeilt að umþrætt gat hafi ekki komið til síðar, t.d. í kjölfar tjóns eða ófullnægjandi viðgerðar.

Af framangreindu leiðir að ósannað er að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin sem veiti sóknaraðilum rétt til að krefjast úrbóta og eða skaðabóta.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila er hafnað.

Hulda Árnadóttir

Skúli K. Skúlason

Jóhann Fannar Guðjónsson